

33. Stjórnarfundur FENÚR

haldinn 20. júní 2001 kl. 15:00 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Björn Halldórsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Ásmundur Reykdal.

Fundargerð 32. fundar. Athugasemd frá G.Tr.Ó. hann er hópstjóri brennslu, urðunar og spilliefnahóps, en ekki hóps um lífrænan úrgang og endurvinnslu. Björn Halldórsson, er hópstjóri þess hóps, og leiðréttist þetta hér með. Fundargerðin samþykkt.

LCA, innheimta styrkja.

Ákveðið að senda út reikninga til þeirra, sem þegar hafa samþykkt þáttöku í verkefninu. B.H og G.B. munu hafa samband við þá aðila, sem enn hefur ekki náðst samband við, til staðfestingar um þáttöku.

Helga Jóhanna, Línuhönnun vinnur áfram að verkefninu.

Merkingar/kynning.

Illa hefur gengið að finna tíma með umhverfissráðherra vegna kynningar á merkingakerfinu vegna anna. Fyrir liggur tilboð frá Fjölprennt um að hafa merkin (límmiða) af mismunandi stærðum á lager, þar sem notendur geta nálgast þau gegn gjaldi. GB. vinnur áfram að því að fá ráðherra til að koma að kynningunni. IA og G.Tr.Ó. vinna áfram að undirbúningi málsins.

Starfshópar.

G.Tr.Ó. gerði tillögu um að virkja Má Karlsson hjá Spilliefnanefnd eða Gunnar Garðarsson, Endurvinnslunni á Akureyri, sem leiðandi félaga í spilliefnamálum og Guðjón Guðmundsson, Sorpeyðingu Suðurnesja, í brennslumálum, en hann hefur lýst sig fúsan til þess.

B.H. ræddi ráðstefnu FENÚR í haust, en stefnt er að því að halda hana á Akureyri. Tímasetning yrði um miðjan Október. Hugmyndir um dagskrá viðraðar. Áfram verður unnið að undirbúningi á næstu vikum.

ISWA ráðstefna.

B.H. sendi til félagsmanna fyrirspurn um áhuga á þáttöku í ISWA ráðstefnu í Stavanger, Noregi, í September nk. Tvær fyrirspurnir hafa borist og virðist áhugi ekki mikill meðal félagsmanna.

Móttaka erlendra gesta.

Fyrirspurn hefur borist frá formanni og framkvæmdastjóra stofnunar um vatns og umhverfissóknir í Nepal, en hann er félagi í ISWA, um að fá að hitta fulltrúa FENÚR á Íslandi. Engin dagsetning er tiltekin, en stjórn samþykkti að bjóða manninn velkominn. Málið er í höndum formanns GB.

Breyting á netfangi.

Málið er í góðum farvegi og lýkur væntanlega á næsti 2-3 vikum. Netfangið “fenur.is” verður vistað hjá Íslandssíma C í framtíðinni.

Golfmót FENÚR.

Golfmót FENÚR varður haldið 15. ágúst nk. IA. og GB. sjá um kynningu til félagsmanna.

Önnur mál.

GB. hefur verið í sambandi við Hollustuvernd vegna samnýtingar starfsmanns, en þessi hugmynd hefur verið til skoðunar um langt skeið. Búið er að fela starfsmanni stofnunarinnar Cornelis Aart Meyles, að kalla saman fund með þeim aðilum, sem að málinu þurfa að koma.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:55

Á.R.